



BPA

- Útbreitt en skaðlegt heilsu

Bisphenol A (BPA) er algengt efni í plast-iðnaðinum og er m.a. að finna í vatnsflöskum og pelum, sem og í plastefni sem húðar innri hliðar niðursuðudósa. Skiptar skoðanir eru um skaðsemi þess en fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að BPA líkir eftir estrógeni í líkamanum og gæti því truflað hormónastarfsemi. BPA hefur verið til í yfir hundrað ár og var áður notað sem gervi-estrógen en síðan uppgötvuðu menn að BPA myndaði, ásamt öðrum efnum, höggþolið og tært polycarbonat-plast. Við gerð efnasambandsins binst þó ekki allt BPA og er það óbundna BPA-ið sem getur flætt úr plastinu við ýmsar aðstæður, t.d. þegar plastið er hitað eða kemst í tæri við ýmis efni.

Skaðsemi BPA uppgötvuð fyrir tilviljun

Patricia Hunt er líf- og erfðafræðingur hjá Washington State háskólanum en hún sérhæfir sig í rannsóknum á frjósemi. Fyrir rúmum 10 árum var hún að gera rannsóknir á magni hormóna í kvenkynsmúsum en hún taldi að þeir hefðu áhrif á gæði eggja. Rannsóknarniðurstöður lofuðu góðu og átti Hunt einungis eftir að bera niðurstöðurnar saman við viðmiðunarhóp músa sem hún hafði látið í friði. Sér til mikillar undrunar komst Hunt að því að 40% músanna í hópnum voru með gölluð egg. Rannsóknin var því ónýtt og verðlaus og það tók Hunt fjóra mánuði að komast að því hvað hafði farið úrskeiðis. Mýsnar höfðu verið í búrum úr polycarbonat-plasti og í eitt skipti hafði sá sem sá um þrifin notað sterkt gólfhreinisefni í stað mildrar sápu og við það fór Bisphenol A að flæða úr plastinu og eitru fyrir músunum.

Skiptar skoðanir um skaðsemi

Hunt fór að tala um uppgötvun sína opinberlega og benti á þann möguleika að Bisphenol A væri hættulegt mönnum á sama hátt og músunum. Fleiri vísindamenn

bættust í hópinn en gagnrýnendur benda á að engar sannanir séu fyrir því að BPA sé hættulegt mönnum heldur einungis dýrum og að ekkert sé að marka dýraprófanir. Margir þessara gagnrýnenda vinna þó innan iðnaðarinnar og hafa gert sínar eigin rannsóknir sem eiga að sýna fram á að það magn BPA sem við komumst í tæri við sé of lítið til að valda skaða. Kollegar Hunt hafa hinsvegar komist að því að útkoma úr 90% rannsókna á BPA gefur til kynna að efnið geti verið skaðlegt og það séu einungis rannsóknir styrktar af iðnaðinum sem komast að annarri niðurstöðu. Hunt hefur gert fleiri rannsóknir þar sem áhrif BPA á ungarfullar mýs voru könnuð og komst að því að BPA-„eitrun“ getur haft áhrif á þrjár kynslóðir músa. Mýs eru kannski ekki bestu staðgenglar manna í svona prófunum, en niðurstöður sem þessar ættu samt sem áður að ýta undir að efnið verði rannsakað betur.

Efnið skaðlegt í litlum mæli

Hunt bendir á að hluti vandans felist í því að efnið sé misskilið af yfirvöldum og því sé lítið að marka dagleg þolmörk, en Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur metið að dagleg þolmörk séu 50 mg á hvert kíló líkamsþyngdar. Hunt segir að BPA hegði sér ekki eins og hefðbundin eitru í líkamanum en þau valda meiri skaða eftir því sem magn þeirra eykst. BPA hegðar sér meira eins og hormón sem geta verið hættulegri eftir því sem magn þeirra er minna, þar sem mikið magn hormóna verður oft til þess að líkaminn slekkur á viðbrögðum við þeim. Rannsóknir Hunt hafa sýnt fram á að skaðleg áhrif vegna BPA koma fram í músunum við einungis 20 mg á hvert kíló af líkamsþyngd og fleiri rannsóknir styðja niðurstöður hennar.

BPA finnst í þvagi

Fyrir nokkrum árum kannaði Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna hvort Bisphenol A

fyndist í þvagi manna og niðurstöðurnar voru sláandi; 93% af rúmlega 2500 manna úrtaki mældist með BPA í þvagi. Einnig hefur verið staðfest að BPA hefur fundist í blóði manna og jafnvel í brjóstamjólkvenna. Gagnrýnendur vilja engar áhyggjur af því hafa og benda á að ef BPA hefði skaðleg áhrif væru þau áberandi fyrst svona margir innbyrða efnið.

Kanadísk stjórnvöld bregðast við

Kanadísk stjórnvöld hafa ákveðið að hafa varann á og reyna nú að takmarka BPA á markaðnum, t.d. með því að banna barnapela úr polycarbonat-plasti. Sú ákvörðun hefur hreyft við neytendum og iðnaðinum og varð til þess að keðjuverslanir eins og Walmart hafa ákveðið að skipta smám saman út vörum úr polycarbonat-plasti og bjóða upp á vörur sem ekki innihalda BPA. Hunt telur að ákvörðun kanadískra stjórnvalda eigi rétt á sér því sagan hafi sýnt að vörur sem innihéldu skaðleg efni á borð við kvikasilfur og blý hafi verið á markaðnum um langt skeið áður en skaðsemi þeirra var uppgötvuð.

BPA ennþá leyft í barnavörum innan ESB

Nýverið sendi Antidote Europe, frjáls félagasamtök vísindamanna sem stuðla að bættri heilsu manna, frá sér fréttatilkynningu þar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu, EFSA, var harðlega gagnrýnd fyrir sinnuleysi þegar kemur að því að banna BPA. EFSA hefur gefið út ráðleggingar um áætluð dagleg þolmörk af efninu (0.05 mg á hvert kíló af líkamsþyngd) sem byggir á rannsóknum á rottum. Antidote Europe samtökin gerðu sína eigin rannsókn á frumum úr mönnum sem leiddi í ljós meiri eitruáhrif BPA en EFSA hefur gert ráð fyrir. Samtökin komu þessum rannsóknarniðurstöðum til EFSA í maí á þessu ári og báðu stofnunina um að laga daglegu þolmörkin að niðurstöðunum. EFSA viður-



Á heimasíðu dönsku umhverfisstofnunarinnar miljoeogsundhed.dk má finna lista yfir pela sem eru án Bisphenol-A

kenndi að mikill munur væri á milli manna og nagdýra en leiddi rannsókn Antidote Europe hjá sér og stendur við upprunalegar ráðleggingar sínar.

Munur á mönnun og dýrum

Sér til stuðnings leggur EFSA áherslu á að menn brjóta niður og losa BPA fljóttar en nagdýr og að fóstur manna eru í lítilli hættu af áhrifum BPA því móðirin losar efnið svo fljótt úr líkamanum. Með þessu er verið að segja að hröð efnaskipti á kemísku efni veiti vernd gegn hættulegum áhrifum. Samt sem áður eru til mörg lyfseðilsskyld lyf sem brotna hratt niður og losna úr

líkamanum innan fárra tíma en hafa samt mikil lyfjaáhrif á líkamann.

Antidote Europe hvetja því EFSA til að byggja ráðleggingar sínar á rannsóknum á mannafrumum, sem er orðin almennt viðurkennd aðferð, fremur en á óáreiðanlegum upplýsingum úr dýrprófunum.

Evrópuþingmenn kalla eftir banni


Í lok síðasta árs sendu nokkrir Evrópuþingmenn áskorun til Evrópuþingsins um að banna notkun BPA í pelum. Evrópusamtök neytenda taka heilshugar undir áskorunina og hvetja Evrópusamtökin til að hafa hagsmuni yngstu neytendanna í huga. Fróð-

legt verður að sjá hver niðurstaðan verður en því miður þarf allt of oft langa baráttu áður en skaðleg efni eru tekin úr umferð.

Þeim sem vilja forðast Bisphenol A er bent á að losa sig við pela, flöskur og aðrar plastvörur (polycarbonat-plast er merkt með endurvinnslunúmeri 7) sem bera merki með mikla notkun (ský og rispur) og að hita ekki þessar vörur (t.d. með matvælum í örbylgjuofni).

Heimildir: www.JSOnline.com, www.Sciam.com

-ÁVB-



Öll raftæki

fái orkumerkingu

Flestir þekkja orðið nokkuð vel merkingar á raftækjum sem segja til um orkunýtni. Samkvæmt nýrri könnun þekkja evrópskir neytendur vel þessar merkingar og nú leggur Evrópusambandið til að þær verði settar á öll rafmagnstæki, allt frá ryksugum að hárbólurum. Þessu fagna hagsmunasamtök neytenda í Evrópu en þó er einn galli á gjöf Njarðar. Framleiðendur hafa komið með þá hugmynd að nota tölur í stað hinna vel

þekktu bókstafa og Evrópusambandið hefur því gert einhverja málamíðlunartillögu sem er sambland af tölum og bókstöfum. Slikt ruglar neytendur í ríminu og í fyrrnefndri könnun kom í ljós að bókstafirnir féllu mun betur í kramið en nýjar tillögur iðnaðarins og Evrópusambandsins. Neytendasamtök í Evrópu krefjast þess því að áfram verði notast við bókstafina.

Neytendasamtök telja enga ástæðu til að breyta merkingum sem nú þegar eru mjög vel þekktar.